

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Njáli Trausta Friðbertssyni um lánaþyrirgreiðslu fjármálastofnana.

Við vinnslu svarsins var gagna aflað frá Seðlabanka Íslands.


Fyrirspurnin er í fimm liðum. Fyrstu fjórir tölul. snúa að niðurbroti á útlánum fjármálastofnana til atvinnugreina árin 2010–2018. Ekki eru til aðgengileg gögn með atvinnugreina-skiptingu útlána nema frá innlánsstofnunum, en útlán þeirra nema um 87% af útlánunum innlendra fjármálastofnana til íslenskra fyrirtækja.

Öll gögn sem notuð voru við vinnslu svarsins eru í íslenskum krónum. Hluti af útlánunum til atvinnufyrirtækja er hins vegar í erlendum gjaldmiðlum, þar á meðal rúmlega 80% af útlánunum til fiskveiða og -vinnslu. Mikilvægt er því að hafa gengisþróun í huga þegar lítið er á gögn yfir jafnlangt tímabil og hér um ræðir.

Þá er rétt að vekja sérstaka athygli á því að útlán innlendra fjármálastofnana eru einungis eitt form ólíkra fjármögnunarleiða. Til að mynda hafa fasteignafélög á undanförunum árum sótt töluvert fjármagn á innlendan fjármálamarkað með útgáfu markaðsskuldabréfa og fyrirtæki í nokkrum af þeim atvinnugreinum sem nefndar eru í fyrirspurninni hafa tekið lán erlendis.


1. *Hver eru heildarútlán íslenskra fjármálastofnana til fasteignafélaga og hvernig hafa þau þróast frá árinu 2010? Eru til gögn um hversu stór hluti lánaþyrirgreiðslu fjármálastofnana (fyrirtækja) til fasteignafélaga tengist ferðaþjónustu?*

Niðurbrot fyrir fasteignafélög er aðeins aðgengilegt frá miðju ári 2011. Eftirfarandi mynd sýnir þróun heildarútlána innlánsstofnana til fasteignafélaga frá þeim tíma fram í febrúar árið 2018. Í lok febrúar 2018 er talið að rétt innan við 10% af heildarútlánunum til fasteignafélaga hafi tengst ferðaþjónustu með beinum hætti.




2. Hver eru heildarútlán fjármálastofnana til orkufyrirtækja og hvernig hafa þau þróast frá árinu 2010?

Eftirfarandi mynd sýnir þróun heildarútlána innlánsstofnana til orku- og vatnsveitna frá janúar 2010 þangað til í febrúar 2018.



3. Hver eru heildarútlán fjármálastofnana til sjávarútvegsfyrirtækja (útgerðar og vinnslu) og hvernig hafa þau þróast frá árinu 2010?


Eftirfarandi mynd sýnir þróun heildarútlána innlánsstofnana til fiskveiða og -vinnslu frá janúar 2010 og þar til í febrúar 2018.



4. Hver eru heildarútlán fjármálastofnana til flugfélaga (flugrekstraraðila) og hvernig hafa þau þróast frá árinu 2010?

Flugrekstraraðilar eru ekki sundurliðaðir sérstaklega í gögnum um útlán til atvinnufyrirtækja, en eru hluti af flokknum *Samgöngur og flutningar*. Sá flokkur nær yfir fyrirtæki sem

eru í samgöngum og flutningum á landi, í lofti og á sjó. Eftirfarandi mynd sýnir þróun heildarútlána innlánsstofnana til samgangna og flutninga frá því í janúar 2010 og þar til í febrúar 2018.



5. *Hefur kerfislæg áhætta íslenskra fjármálafyrirtækja gagnvart einstökum atvinnugreinum verið metin og efekki, telur ráðherra mikilvægt að gera slíkt mat?*

Fjármálastöðugleikasvið Seðlabanka Íslands rannsakar og greinir reglulega hvers kyns áhættu sem raskað gæti stöðugleika íslenska fjármálakerfisins. Í riti bankans *Fjármálastöðugleika*, sem gefið er út tvisvar á ári, eru jafnan raktir helstu áhættuþættir í fjármálakerfinu, þ.m.t. kerfislæg áhætta gagnvart einstökum atvinnugreinum. Í nýjasta ritinu, *Fjármálastöðugleika 2018/1*, kemur fram að áhætta sé innan hóflegra marka en að hún gæti verið að aukast. Í *Fjármálastöðugleika 2017/2* voru birtar niðurstöður úr árlegu álagsprófi Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins á viðnámsþrótti viðskiptabankanna. Í álagsprófinu byggðist áfallssviðsmyndin á efnahagslegum samdrætti í viðskiptalöndum, lækkun verðs á helstu útflutningsvörum og 40% fækkun ferðamanna. Niðurstöðurnar bentu til þess að bankarnir myndu standa slíkar þrengingar af sér án verulegra vandræða, þótt vissulega myndi útlánatap aukast og eiginfjárhlutfall lækka.